

Nýja Sjáland og Ísland.

Ýmsir af þeim, sem lesið hafa Nýal og Ennýal, munu kannast við prófessor MacMillan Brown og bók þá er hann hefir nefnt Limanora. Hinn mikli lærdómsmaður, dr. Sigfús Blöndal, hefir nú í tímaritið Forum, 1931, s. 726—741, rit að mjög skemtilega og fróðlega grein um framtíðarlýsingar Macmillan Browns. Vil jeg hvetja menn til að lesa grein þessa — J. Macmillan Browns Utopie — sem gefur ágætt yfirlit yfir hin stórmerku rit sem um ræðir. Kveðst dr. Blöndal hafa haft Limanora í höndum fyrir hb. 20 árum, en þá að eins lesið hana mjög lauslega og ekki tekið eftir hversu merkileg hún er. En löngu seinna les hann bókina aftur, og þá fer á aðra leið: „En lærd, humanistisk dannet Ven af mig, som tillige paa sit Felt har virket som grundlæggende Naturforsker, fik mig imidlertid til at læse den igen“ — segir hann — „og jeg opdagede saadens Herlighed“. — Það er dálítið eftirtektarvert, að tveir Íslendingar hafa orðið til þess að stuðla að því, að bók þessi, sem óhætt er að telja með því allramerkilegasta, sem til er í heimsbókmentunum, er nú farin að öðlast þá frægð sem hún verðskuldar. Er þar um nokkurskonar samstarf að ræða milli Íslands og Nýja Sjálands, þó að í lengsta lagi sje á milli, og er vonandi að þetta megi skoða sem fyrirboða um, að fleiri muni vel tak-

ast um samtök og samvinnu, ekki virðist líklegra en það verk vísindamanns og rithöfundar á Nýja Sjálandi, mundi nokkur stuðning geta hlotið frá íslenskum rithöfundum.

21. mars.

Helgi Pjetur

Me 13.4.31